Borgarráð

Reykjavík, 9. febrúar 2026
USK26020123

Neshagi 1, Neskirkja, afnotasamningur um bílastæði og göngustíg

Óskað er eftir samþykki borgarráðs á afnotasamningi um götu, bílastæði og göngustíg við Neshaga 1.

Greinargerð
Samkvæmt lóðarleigusamningi hefur sóknarnefnd Nessóknar, Neshaga 1, á leigu frá Reykjavíkurborg lóðina sem tilgreind er sem L106453 í fasteignaskrá. Á lóðinni stendur, Neskirkja, auk þess sem lóðinni tilheyrir m.a. gata sem liggur á milli Neshaga og Fornhaga, bílastæði fyrir framan fasteignina og göngustígur sem liggur á milli Neshaga 3 (Íþróttahús Melaskóla) og Fornhaga 8 (Leikskólinn Hagaborg). Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á Hagaborg og því mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að hafa afnot af stæðunum og tryggja þannig aðstöðu fyrir t.d. förgunargáma.

Lóðarleiguhafi er tilbúinn að heimila Reykjavíkurborg að samnýta afnotasvæðið með þeim hætti og að uppfylltum skilyrðum um lagfæringar, viðhald og rekstur.

Ekkert gjald greiðist fyrir afnotin önnur en að Reykjavíkurborg mun framkvæma viðgerðir á götu og bílastæðinu þannig að svæðinu verði komið í gott ástand.

Virðingarfyllst,
Ólöf Örvarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt: Afnotasamningur undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs

Reykjavík

AFNOTASAMNINGUR UM BÍLASTÆÐI OG GÖNGUSTÍG

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, vegna Reykjavíkurborgar – eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík (hér eftir nefnd „afnotaréttarhafi“) og Neskirkja, kt. 480269-0719, Hagatorgi, 107 Reykjavík vegna sóknarnefndar Nessóknar í Reykjavík (hér eftir nefndur „lóðarleiguhafi“), gera með sér svofelldan afnotasamning:

1 Afnotasvæðið

Samkvæmt lóðarleigusamningi, dags. 29. desember 1959, hefur lóðarleiguhafi á leigu frá afnotaréttarhafa lóðina sem tilgreind er sem L106453 í fasteignaskrá. Á lóðinni stendur fasteignin tilgreind F2027993, Neskirkja, auk þess sem lóðinni tilheyrir m.a. götu sem liggur á milli Neshaga og Fornhaga, bílastæði fyrir framan fasteignina og göngustígur sem liggur á milli Neshaga 3 (Íþróttahús Melaskóla) og Fornhaga 8 (Leikskólinn Hagaborg). Umrædd gata, bílastæði og göngustígur eru tilgreind á fylgiskjali 1 við samning þennan (hér eftir vísað til sem „afnotasvæðisins“).

Lóðarleiguhafi er tilbúinn að heimila afnotaréttarhafa að samnýta afnotasvæðið með þeim hætti og að uppfylltum þeim skilyrðum sem greinir í samningi þessu.

2 Afnot

Afnotaréttarhafi skal njóta réttar til sameiginlegra afnota af afnotasvæðinu ásamt lóðarleiguhafa. Afnotin skulu felast í því að almenningur geti óhindrað nýtt og ferðast um bæði bílastæði fyrir framan Neskirkju og göngustíginn sem liggur á milli Neshaga 3 og Fornhaga 8.

Afnot afnotaréttarhafa af bílastæðum fyrir framan kirkjuna skulu heimil að því marki sem þau hafa verið nýtt af almenningi hingað til, þ.e.a.s. að almenningi skuli frjálst að leggja þar til jafns við aðila á vegum lóðarleiguhafa, en afnotaréttarhafi skal ekki mæla fyrir um eða hlutast til um sérstaka notkun þeirra með öðrum hætti en hefur verið hingað til. Hvers kyns langtímanýting afnotasvæðisins, t.d. ef afnotaréttarhafi hyggst koma upp nokkurs konar búnaði eða mannvirki á göngustíg eða ef farartækjum á vegum afnotaréttarhafa er lagt á bílastæðinu til lengri tíma, skal ávallt háð samþykki lóðarleiguhafa.

Afnotaréttarhafa er þó heimilt, í samráði við lóðarleiguhafa, að koma fyrir nauðsynlegri aðstöðu á göngustíg og/eða stæðum á meðan viðhaldi og framkvæmdum við íþróttahús og/eða leikskóla fara fram, s.s. vegna förgunargáma og öryggisgirðinga. Slík afnot skulu vera tímabundin og ekki vara lengur en brýn nauðsyn krefst.

Til að taka af vafa skal tekið fram að afnotaréttur samkvæmt samningi þessum felur ekki í sér heimild afnotaréttarhafa til að koma á nokkurs konar gjaldskyldu á afnotasvæðinu.

3 Viðhaldsskylda afnotaréttarhafa á afnotasvæðinu

Sem gagngjald fyrir afnot afnotaréttarhafa samkvæmt grein 2 (*Afnot*) mun afnotaréttarhafi sjá um allt viðhald á afnotasvæðinu, þ.m.t. en ekki einskorðað við, viðhald á malbiki á götu og bílastæðum, viðhald á köntum við bílastæða og viðhald á göngustígum. Afnotaréttarhafi sér til þess að halda afnotasvæðinu í góðu ásigkomulagi, líkt og um borgarland væri að ræða.

Aðilar eru sammála um að afnot samkvæmt samningi þessum muni fela í sér meira álag á afnotasvæðið en ef einungis væri um að ræða afnot á vegum lóðarleiguhafa og er það því forsenda fyrir samningi

þessum og afnotum afnotaréttarhafa samkvæmt honum að afnotaréttarhafi standi við viðhaldsskyldur sínar samkvæmt framansögðu.

Afnotaréttarhafa er kunnugt um að ástand götu og bílastæðisins fyrir framan Neskirkju er mjög slæmt þegar samningur þessi er gerður og mun afnotaréttarhafi framkvæma viðgerðir á götu og bílastæðinu þannig að svæðinu verði komið í gott ástand eins fljótt og kostur er.

Ekkert gjald greiðist fyrir afnotin önnur en að afnotaréttarhafi takist á hendur framangreinda viðhaldsskyldu, en allur kostnaður vegna viðhalds samkvæmt þessari grein 2 skal greiddur af afnotaréttarhafa.

4 Afhendingartími

Hið afmarkaða svæði afhendist við samþykki borgarráðs á samningi þessum.

5 Gildistími

Afnotasamningur þessi er ótímabundinn. Þó getur lóðarleiguhafi eða afnotaréttarhafi tilkynnt skriflega uppsögn með a.m.k. 12 mánaða fyrirvara. Skal uppsögn tilkynnt skriflega til samningsaðila.

Þrátt fyrir framangreint, hafi afnotaréttarhafi ekki sinnt viðhaldi sínu á götu og bílastæðum fyrir tilgreind tímamörk eða bregðist afnotaréttarhafi ekki við að öðru leyti innan þriggja (3) mánaða frá því að lóðarleiguhafi skorar á hann að bæta úr, skal lóðarleiguhafa heimilt að segja samningi þessum upp án fyrirvara.

6 Skil á afnotasvæðinu

Við lok samnings þessa skal Reykjavíkurborg skila hinu afmarkaða svæði til lóðarleiguhafa. Afnotaréttarhafi skal við samningslok hreinsa og skila göngustíg og bílastæðum í góðu ástandi. Telji lóðarleiguhafi að viðhald afnotasvæðisins sé ekki í góðu horfi við samningslok skal lóðarleiguhafi tilkynna afnotaréttarhafa um slíkt og skal afnotaréttarhafi þá sinna nauðsynlegu viðhaldi sem hluta samningsloka.

7 Nýting á afnotasvæðinu

Afnotaréttarhafa er óheimilt að nýta hið afmarkaða svæði í öðrum tilgangi en greinir um í grein 2 (*Afnot*). Hvers kyns framsal afnotaréttar afnotaréttarhafa samkvæmt samningi þessum er óheimilt.

8 Riftun

Brot á ákvæðum samnings þessa getur valdið riftun.

9 Varnarþing

Rísi ágreiningur um afnotasamning þennan má bera hann undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

10 Undirritun

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Samningur þessi er undirritaður rafrænt í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.

Fylgiskjal 1 Afmörkun afnotasvæðis – litað gult